

MATTA

s.frv. . . . o.s.frv. . . . o.s.frv. . . . o.s.frv. . . . o.s.frv. . . .

Kjarvalsstadir

MATTA

o. s. frv. . . . o. s. frv. . . .



KJARVALSSTADIR
Listasafn Reykjavíkur

SEPTEMBER — OKTÓBER 1996

Efnisyfirlit


Inngangur.....	bls. 5
Octavio Paz.....	bls. 7
Julien Gracq: Minn kæri Matta	bls. 10
Samtal Matta og Felix Guattaris, apríl 1987	bls. 11
Matta: Innra raunsæi	bls. 18
Matta: Og lesa hið ósýnilega	bls. 19
Matta: Myndkjörband — hljómandi mynd.....	bls. 19
Matta: Dagurinn er banatilræði.....	bls. 20
Matta: Glundroðageimur	bls. 21
Matta: Vitnisberar mannkynsins	bls. 22
Matta: Mynd af hverjum einstaklingi sem er liður í einstökum erfðafræðilegum spíral	bls. 22
Matta: Menn halda að ég sé fæddur.....	bls. 23

Íslenskumáli

Súrrealisminn er ein merkasta listhreyfing sem fram hefur komið á þessari öld. Það var rithöfundurinn og fræðimaðurinn André Breton sem lagði grunninn að hugmyndafræði súrrealismans í stefnuyfirlýsingum sem hann gaf út árið 1924. Hinn listræni ásetningur var að frelsa listina frá hefðinni og komast undan þekktum reglum og fyrirmælum með því meðal annars að sækja andagiftina í undirmeðvitund gerandans. Fjöldi merkra listamanna — rithöfundar, myndlistarmenn og kvíkmyndagerðarmenn — átti samleið undir merkjum súrrealismans. Þar á meðal er Roberto Matta (f. 1911) sem tekinn var inn í súrrealistahópinn árið 1937. Þótt hann hafi verið hluti af hreyfingunni hafa myndir hans ávallt haft sérstöðu bæði hvað varðar myndmál og viðfangsefni.

Á þessari sýningu, sem ber yfirskriftina . . . o.s. frv. . . . o.s. frv. . . . , eru málverk og höggmyndir frá síðustu tíu árum. Það er okkur mikill heiður að fá að sýna verk þessa merka listamanns og gefa listunnendum um leið örlitla innsýn í hugmyndaheim súrrealismans.

Formaður menningarmálanefndar Reykjavíkur



Allt frá lokum átjándu aldar hafa rithöfundar og listamenn frá Rómönsku Ameríku verið í stöðugu og sérlega góðum tengslum við franska menningu. Þetta samband hefur hinsvegar verið nokkuð einhliða.

Suður-Ameríkumenn hafa tekið við ýmsum frönskum áhrifastraumum og veitt þeim í nýja farvegi en í Frakklandi hafa menn sjaldnast tekið eftir þessari úrvinnslu fyrr en nú á síðustu árum. Ruben Dario, eitt helsta skáld okkar, kynnti franska symbólismann á spænsku. Hann bjó lengi í París, en það var varla að nokkur tæki eftir honum; einna helst Henri J.M. Levet sem tileinkaði honum eitt af *Póstkortum* sínum. Samt voru menn frá Rómönsku Ameríku oftlega frumkvöðlar í bókmennta- og listalífi Parísarborgar. Skýrustu dæmin eru tveir Chilemenn, skáld og málari: Vicente Huidobro og Roberto Sebastien Matta. Huidobro hafa menn gleymt enda þótt hluti verka hans sé skrifaður á frönsku og ekki sé deilt um virka þáttöku hans við framgang nútíma ljóðlistar í Frakklandi, fyrst í tengslum við fjandvininn Reverdy og tímarit hans, *Nordur-Suður*, og síðar á eigin vegum. Þessi gleymska er óréttlát; Huidobro var bráðgáfaður, hvass penni og afbragðsgott skáld (bestu ljóð sín orti hann raunar á spænsku).

Um Matta gegnir allt öðru máli. Áhrifa hans hefur gætt lengi og þau hafa verið djúptæk; persóna hans og verk eru mikilvægar stærðir í myndlist nútímans.

Matta lærði fyrst arkíktúr, kom síðan til Parísar árið 1934 og starfaði á vinnustofu Le Corbusiers. Hann kynntist fljótt Breton, Duchamp, Dali, Magritte, Penrose, Tanguy, Miro og öðrum súrrealistum. Frá 1938 var hann fullgildur félagi í hreyfingunni og var það ár þáttakandi í Alþjóðlegu súrrealistasýningunni. Huidobro kom til Parísar meðan fyrri heimsstyrjöldin geisaði, árið 1916, en Matta fór frá París skömmu áður en hin síðari braust út, árið 1938. Að þrábeiðni Duchamps settist hann að í New York eins og

Breton, Ernst, Tanguy og Masson. Hann kynntist þar ungu amerískum málurum og varð brátt leiðtogi þeirra og áhrifavaldur. Árið 1940 ferðaðist hann til Mexíkó með Robert Motherwell. Hann endurnýjaði þar gömul kynni sín af heitri sól, eldfjöllum og jarðskjálfum. Huidobro hafði skrifað ljóðabókina *Himinskjálfta*, og Matta leit svo á að málaralistin væri líka skjálfti, *arkíktúr tímans*, bygging samsett úr línum, formum og litum á hreyfingu. Myndrýmið fer að titra. Á árunum 1939 til 1945 málar Matta röð af stórkostlegum myndum þar sem hann miðlar villtri skapandi orku, djúpri og glæsilegri. Var hann búinn að finna sjálfan sig? Það væri réttara að segja sem svo að hann hafi gengið út frá eigin sjálfi á vit veraldar sem hann var nýbúinn að uppgötva og hélt áfram að rannsaka og skapa æ síðan.

Fyrsta stóra sýning Matta var í New York árið 1942; *Jörðin er manneskja*. Breton dásamaði hana sem einhverja sterkustu súrrealísku sýn á manninn og heiminn sem fram hefði komið. Hugtakið „innra módel“ hafði hér tekið miklu breytingum. Í þessum verkum er fremur hægt að tala um innri sprengingu, nema að því leyti að innri heimurinn sem Matta afhjúpar er jafnframt hinn ytri heimur. Heimsmyndunarfræði og ástríðufuni runnu saman í eina heild, sömuleiðis nútíma eðlisfræði og erótík. Úr varð veröld skyldari Giordano Bruno en Sigmund Freud, vitanlega tuttugustu aldar-Bruno kunnugum Einstein og Poincaré. Það er ekkert skrýtið að Duchamp hafi dregist að hinum unga Matta, sem hann kallaði „djúpskyggasta málara sinnar kynslóðar“. Í þessum málverkum Matta kom fram þáttur sem gekk æ síðar eins og rauður þráður gegnum verk hans: sagan. Ekki að ófyrirsynju. Matta hefur ætíð hafnað aðskilnaði einkaveraldar og samfélagsins, og hann hefur viljað rækta tengsl beggja við eðliseigindir og eðlisfræðilögumál. Fyrir honum er bylting og ást, félagslegar umbyltningar og sprengingar í stjörnukerfunum hlutar af sama raunveruleika og *ríma saman* í orðsins fyllstu merkingu. Á þessum árum málaði hann of safengnar myndir, stórar í sniðum, þar sem kraftmikið myndrými sem aldrei hafði áður sést tók á sig paradísarlega liti, nýfædda liti. Það gat ekki hjá því farið að ungir og ákafir norðuramerískir málarar hrifust af þessum myndum, menn eins og Gorky, Pollock, Rothko, de Kooning, Motherwell, Baziotes og fleiri.

Á þessum árum varð New York að miðstöð. Það voru ekki bara tvö menningarsvæði sem hittust heldu ólíkar fagurfræðilegar hefðir; evrópsk nútímahefð og norðuramerísk skynjun. Enn var tæplega hægt að tala um myndlistarhefð í Bandaríkjunum nema sem dreifbýlislegt endurskin evrópskrar listar. En á þessari nýju samkomu gegndi súrealistahópurinn í New York lykilhlutverki (Ernst, Matta, Masson, Tanguy), þótt þeir væru auðvitað ekki þeir einu sem áhrif höfðu. Í þessu sambandi er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir atriði sem ekki hefur alltaf verið mönnum nægilega ljóst. Um er að ræða samruna tveggja fyrirbæra. Annarsvegar tekur súrealísk myndlist á þessum tíma róttækum breytingum sem Duchamp stóð upphaflega fyrir og Matta hélt svo áfram; samblund erótíkur, kímni og nútíma eðlisfræði. Matta kemur með myndsýn sem ekki er fígúratíff. Myndir hans eru ekki greinargerð um raunveruleika sem einhver hefur séð í vöku eða draumi, heldur sköpunarverk sem byggja á andahyggju og sálrænu ástandi. Hið óséða verður, eða öllu heldur: það líkamnast. Þetta var djörf stefnubreyting í súrealískri málaralist og opnaði áður óþekktar brautir fyrir unga bandaríkska myndlistarmenn. Hinsvegar kom norðuramerísk málaralist fram sem endurómur og svar við evrópskri málaralist.

Lykilmaðurinn á þessum árum, málarinn á gatnamótunum þar sem allar leiðir mættust, er Matta. Það er honum að þakka að súrealísk málaralist hætti sér inn á ókannað svæði, og á sama tíma hefur hann frjósom áhrif á list ungra Norður-Ameríkumanna. Það er ekki bara heimska að horfa fram hjá Matta eða gera lítið úr áhrifum hans; það er hneyksli. Sem betur fer eru í Norður-Ameríku margir listamenn og gagnrýnendur sem ekki eru haldnir siðferðilegri eða fagurfræðilegri nærsýni og sjá þetta skýrt. Til þess að gera sér grein fyrir lykilstöðu Matta á síðasta áratug er ágætt að hugsa sér landfræðilegan, sögulegan og andlegan þríhyrning: Suður-Ameríka (Chile), Evrópa (París), Norður-Ameríka (New York og Mexikó). Þrír tímar, þrjár hliðar eða andlit okkar síðmenningar. Einn maður er persónugervingur þessa þríhyrnings: Matta, og árið er 1942. Maður og ártal sem eru grunnpunktar listarinnar á síðari hluta tuttugustu aldar. Fjörutíu árum síðar höfum við leyfi til þess að spryrja:

Var þetta dagsbrún nútímalistar eða sólarlag hennar? Það skiptir kannski ekki höfuðmáli; er dagrenningin hvort eð er ekki endalok miðmorguns og rökkrið upphaf kvöldsins?

Þversögnin getur orðið að lífsmáta. Hún getur verið auðgandi þegar hún afneitar bæði öðrum og manni sjálfum og skapar þannig nýja möguleika til breytinga. En afneitun breytist ekki í fullyrðingu eins og haldið er fram í fjarstæðukenndri þrætubókarlist (Kant kallaði hana tálsýnarökhyggju). Afneitun er meinlætakennd, háþróuð tegund hreinlætis; hún breytir okkur ekki en hún leiðir okkur fram á brún og kastar okkur út í tómið. Hún er stökkpallur . . . á leiðinni hvert? Við vitum það ekki þar til við svífum allt í einu í lausu lofti og lærum í skyndingu þá list sem enginn kennir: að falla til jarðar og koma niður á feturna. Það er æðsta tegund listar. Nietzsche kallaði Seneka „nautabana dyggðanna“. Matta er „dansari ímyndunaraflsins“; hann kann að stökkva og sömuleiðis að koma niður standandi. Þegar New Yorkskeiðinu lauk með afneitunum sem kalla mætti stökk út í hið ókunna tók við tímabil þar sem Matta fór aftur að mála fígúrur: gróteskar verur og skelfilegar sem minna bæði á persónur í vísindaskáldskap og myndir frá Mexikó frá því fyrir daga Kólumbusar. Matta er eins og eiði eða nes, ekki milli heimsálfa heldur milli alda. Það fór eins og hann hafði sjálfur sagt fyrir um: um leið og hann fjarlægðist abstrakt-expressjónismann fann hann ný lönd í heimi ímyndunaraflsins.

Þennan heim hélt hann ótrauður áfram að rannsaka næstu fjörutíu árin, allt fram á þennan dag, heim frásagnarmyndlistar, málverks sem segir sögu. Þessi málaralist er goðsogn, saga, skrýtla, gáta. Samt er hann ekki að segja frá atburðum dagsins í dag í málverkum sínum heldur þeim atburðum sem liggja undir og yfir fréttunum, leik þeirrar orku og afla sem stöðugt eru að skapa okkur, taka okkur sundur og setja okkur saman að nýju. Tækin sem hann notar er augað sem býr til, höndin sem horfir, hláturinn sem opnar nýjar leiðir, hugaraflid sem býr til flauð af myndum.

Eftir síðari heimsstyrjöld flutti Matta aftur til Evrópu. Hann bjó í Róm og London, settist að í París, ferðaðist til Chile og

Perú, fór nokkrum sinnum til Havana, kom aftur til Mexíkó, var á ferð og flugi um allar heimsálfur. Í fjörutíu ár hefur hann málað án afláts, hugsað, elskad, barist, pirrað, talað, komið róti á, hneykslast, upplýst. Hann er sjónhverfingamaður, verkfræðingur, sundurlaus, andríkur, málgláður, töframaður, trúður, sjáandi, skáld, móþróagjarn, örlátur. Sólin er alltaf með honum í för. Það er ekkert skrýtið að eitt af spakmælum hans segir: „Sólskinið fær sá sem kann að sameina“. En til er önnur sól; sú er falin, og í hennar skini getur hann verið einn og sagt nei. Þessar sólir skína á Matta til skiptis, sól aðaltorgsins og sól hins lokaða klefa. Súrealisminn kom eins og hlýr uppreisnarvindur inn í þessa öld grimmdar og kulda. Matta hefur alltaf verið trúr þessari örlátu og hvatvísu uppreisnarhreyfingu.

Eitt sinn sagðist hann með sinni víðkunnu orðfimi vera listmálar „til þess að frelsið breytist ekki í stytta“. Þetta er sterkt setning. Því miður hefur það komið fyrir hann að rugla saman stytturnum valdhafa og byltingarsinnum í fangelsi eða útlegð, harðstjórum og baráttumönnum fyrir frelsi. Parna er hann á sama báti og margir nútímalistamenn og ýmsir ekki af lakari endanum: Picasso, Pound, Neruda, Éluard. Þetta er ekki sagt sem ávitur eða ákæra, ég varð bara að koma því til skila að ég er á öndverðum meiði.

Matta er einn af mestu listamönnum nútímans. Hann hefur verið það frá upphafi ferils síns og hann er það enn. Árið 1946 skrifaði Marcel Duchamp þessar línlínur um Matta, einhverja snjöllstu úttekt á honum sem gerð hefur verið: „Fyrsta framlag hans til súrealískrar málaralistar, og það þýðingarmesta, var að uppgötva óþekkt svæði í myndrýminu sem ekki hafði áður verið gerð grein fyrir í myndlist“. Duchamp hitti enn einu sinni naglann á höfuði. Myndrými Matta er á stöðugri hreyfingu, í sífelldri endurmótun. Stundum sprettur það fram, margslungið. Þetta rými býr yfir eiginleikum tímans; það líður og kvíslast í fingerðar einingar án þess að slitna nokkru sinni í sundur. Gagnrýnendur hafa bent á það mikla hreyfiafl sem fólgioð er í myndrými Matta án þess hins vegar að taka eftir skyldleikanum við rými sem kemur fram í ljóðum ákveðinna nútímaskálda.

Mér verður sérstaklega hugsað til margra af merkstu ljóðum Apollinaire (Útbverfi og Tónlistarmaðurinn í Saint-Merry) þar sem mörg rými eru tengd saman í eina órofa lifandi tímaheild, tímatengt rými. Sýn Apollinaire hefur haft áhrif á mörg skáld sem skrifa á enska tungu og spænska. Við erum nokkrir sem höfum hætt okkur inn í þetta nýja rými sem fengið hefur eiginleika tímans, heldur leiðar sinnar, snýst, liðast sundur og hverfist aftur í sjálft sig. Þetta er örugglega ein ástæðan fyrir því að ég hef hrifist, tilfinningalega og andlega, af myndlistarævintýri Matta. Þessi hrifning varð til þess að ég setti saman ljóð um verk hans, *Hús augnaráðsins*, frekar en að skrifa um hann ófullkomna fræðigrein. Þar reyndi ég að rannsaka verk hans, leggjast í flakk um þau, gera mér grein fyrir jarðfræði þeirra, landafræði, andatrúarlegrí stjörnufræði . . . , reyna í stuttu máli að skilja þetta segulmagnaða rými sem málverk hans koma til skila.

Mexíkó, 30. apríl 1985

Minn kæri Matta

Við höfum alltaf hist með óreglulegu bili en það er óralangt síðan fundum okkar bar fyrst saman og tengjast í minningunni sérkennilegum stundum og stöðum. Það var árið 1939 sem ég las fyrst nafn þitt. „Ég var í allan gærdag að lesa bókina þína,“ skrifaði André Breton mér í bréfi en ég hafði nýverið sent honum fyrstu bók mína, „og ég var að ræða um hana við kunningja minn . . . Þetta er ungur málari sem á fyrir sér glæsta framtíð; ég hyllist til að gefa þér nafn hans: Matta Echaurren.“ Svo var það fimm mánuðum síðar, í septemberlok, að ég kom við í París á leið til herþjónustu í herdeild minni sem var á ferð niður með víglínunni í Sarre-héraði. Ég leit inn í búðina hjá Corti sem var nýorðinn útgefandi minn. Þá hrundi þarna niður úr stiga einhver ungæðisleg mannvera sem ég hélt við fyrstu sýn að væri unglingsstrákur og hafði verið að skoða bækur í efstu hillunum. Þetta varst þú. Á þessum tínum voru götur Parísarborgar ekki upplýstar og líktust helst völundarhúsi skotgrafa þar sem brá stundum fyrir bláleitum ljósum svipuðum þeim sem eru í göngum neðanjarðarlestanna milli stöðva. Öðru hvoru urðu á vegi manns staðir með byrgða glugga þar sem inni var bjart og hlýtt. Þannig voru í borginni ótal Alí baba-hellar og alrei hefur verið jafn ljóst og þennan vetur að köllun þessarar borgar er að sanka að sér fjársjóðum og fela þá. Fyrir endanum á einni skotgröfinni gengum við inn á kaffihúsið Deux Magots þar sem svört klæði héngu fyrir gluggum eins og á líkpalli og þar hafði Breton aðsetur sitt og var á leið á Mont Valérien með herlæknishúfu á höfðinu og stóðu myndarlegir hárbrúskar út undan henni. Öðru sinni vorum við samankomnir inni í íbúð sem ég á í vandræðum með að muna hvar var og þarna borðuðum við kvöldverð með Gordon Onslow Ford, Nicolas Calas og ungri konu sem sagði fátt en ég var nýbúinn að lesa safn draumafrásagna eftir hana; þetta var Marguerite Yourcenar.

Öll vorum við á leiðinni eitthvert í burtu; þú til Ameríku. Þannig byrjaði þetta örlagaríka ár; annars hugar hittum við fólk, vængjahurðir skelltust, mikill dragsúgur. Nokkrum vikum síðar kom sending frá New York á minn afvikna stað í Boulogne og í pakkanum voru ljóð Edgars Allans Poes frá þér til míni og þú hafðir teiknað mynd á á fremstu síðu. Þessi bók er það eina sem ekki týndist af farangri mínum í stríðinu; ég á hana ennþá.

Það gleður mig og mér finnst ég heldur yngjast að hitta þig aftur og vera í samfloti með þér hálfri öld eftir að við vorum þarna á sérkennilegum þvælingi saman um ljóslausa Parísarborg. Núna eigum við samleið meðfram þessum *Mjóu vötnum* sem rifja upp fyrir mér löngu liðna tíma. Í Ameríku hafðir þú þegar öðlast frama sem myndlistarmaður og þegar þú komst þaðan aftur fannst mér ég sjá í þínum stóru verkum afar kraftmikla og tjáningarríka dásömun á frumöflunum. Eins og nafnið bendir til veittu *Mjóu vötnin* þér ekki nema takmarkað svigrúm til þessa. Samt er það vatnið, hið fljótandi frumafl, sem varð vettvangur endurfunda okkar; hvorki hið kyrrstæða vatn né of safengna heldur vatn sem verður fyrir áreiti, gárast og býr yfir sérstæðum anda sem myndir þínar miðla á lifandi hátt og vekja hjá mér minningu um hugljómaða setningu Novalis: „Vatnið er blautur logi.“

Vötnin mjóu. Éditions du Solstice, París 1989.

Samtal

Matta og Felix Guattaris

apríl 1987

Matta:

Sú bugmynd sem við ætlum að fást bér við er að reyna að skilgreina merkingu orðsins list upp á nýtt. Fyrir mér gæti búin verið ofursterk tilfinning fyrir blutunum. Þegar maður horfir til dæmis á Stein, þá er það ekki orðið **s-t-e-i-n-n** sem blasir við heldur einhvers konar gos í jörðinni, frá þeim tíma þegar búin var eitt eldbaf. Ef maður befur ekki ítrrustu meðvitund um bluti getur maður ekki talað um list. Það væri þá þessi skýra og klára meðvitund sem ákvarðaði vægi heimsins.

Nú á dögum böfum við yfirlætislegt viðborf til formanna og notagildis þeirra; það er eins og þau séu ætluð til nokkurs konar heimabruks, til skrauts. Við þörfnumst nýrrar tilfinningar fyrir krafti til þess að endurmeta stöðu okkar í heiminum. Enn sem komið er vantar okkur orð, við erum alveg orðlaus. Þegar maður rýnir til dæmis í umræður á þjóðþinginu kemur í ljós að þær byggjast eingöngu á forsendum og staðtölum sem er vonlaust að sannreyna.

Samræðurnar eru stöðugt milli orða og talna. Þetta er broðalegur Babelturn sem felur sig bak við list sem líkist sífellt meir hönnun. Ef maður byrjar að breyta merkingu orðanna svo að þau merki eittbvað í samræmi við vitundina þá þarf líka að dýpka og sýna tækið, líffærið, rýmið sem maður notar, og tengsl þeirra við vitundina. Hún á sér bliðstæðu í sjónfræðinni. Við böfum misskýra vitund um nýja þekkingu.

Felix:

Gallinn við þetta er sá að ef við sjáum vitundina fyrir okkur sem sjónræna skipan gefur það til kynna að til séu fyrirfram-ákveðnir hlutir, að vitundin sé þegar komin til sögunnar. Væri ekki hægt að hugsa sér hana á annan hátt, með því að finna hana upp, á svipaðan hátt og núna eru fundnar upp

nýjar sameindir í efnalíffræði eða nýir orkugjafar sem ekki voru til áður? Með öðrum orðum: Finnst þér að þessi „tök“ á hlutunum þurfi endilega að vera þoland viðhorf? Er ekki um að ræða að sýna gerandi, skapandi viðhorf?

Matta:

Jú, skapandi viðborf. Þessu tæki sem við minntumst á mætti líkja við æxlun: maður frjóvgar. Það tengist bugmyndinni um eggjarými. Hugsum okkur staðinn þar sem þekkingin birtist eins og atburðinn þegar sædisfruma kemst inn í egg.

Í þessu rými eggsins eru mismunandi skeið sem þyrfti að lýsa sjónrænt, ýmist sem annars konar birtu, nýjum titringi í rýminu eða nýjum straumum sem flæða inn og koma því sem fyrir er úr jafnvægi á sama hátt og þegar mannskepnan verður æxlunarfús og konan líkleg til þess að frjóvgast.

Á öðrum skeiðum er allt blutlaust og óvirkt andstætt þeim tímum þegar báflæði gengur yfir og keyrir allt um koll. En til þess að taka eftir þessu er nauðsynlegt að öðlast meðvitund um það sem gerist í eggjarýminu, færa það yfir á vettvang meðvitundarinnar.

Felix:

Eins og nokkurs konar stjórnun á þessu ferli.

Matta:

Eggjalegt.

Felix:

Eggjalegt eða opið?

Matta:

Opið og eggjalegt að því leytinu til að þekking kemur við

og frjóvgar á eðlilegan hátt. Í skynjun þessara fyrirbæra er mismunandi sterk vitund miðað við kosmískar aðstæður. Þetta er ekki vél, þetta er samfellt líf. Það er ekki um að ræða orku sem kemur með rafmagni, raforku gegnum innstungu. Þessi orka sem ég er að tala um er meðvitund í sjálfri sér.

Felix:

Mig langar til að spryja þig nokkurra spurninga. Einkum tveggja. Í fyrsta lagi: Maður skynjar breytingu í þeim myndum sem þú hefur verið að gera um nokkurt skeið. Það er eins og þú hafir þverrandi áhuga á þekkjanlegum fígúrum og virðist einbeita þér fremur að rýminu sem orkusviði þar sem ríkja orkukjarnar sem þú kallar eggjarými. Það er líkt og gjörvallur myndflöturinn sé að störfum og ekki lengur ákvörðuð tengsl og átök milli fígúra innan afmarkaðs ramma.

Gætirðu sagt mér hvað þessi syrpa sem þú málaðir á svartan flót á að fyrirstilla? — þessi pastellitaverk með eldingum, rauðum ljósum, formum sem minna á trefjar, fígúrum sem maður veit ekki hvort eru menn eða úr dýra- eða jurtríkinu vegna þess að þær renna alveg saman við myndsviðið.

Matta:

Þú veist að það er langt síðan ég byrjaði að tala um svarta birtu. Það tengist alþyrstu verkum mínum sem ég kallaði „sálraenor formmyndanir“.

Um þessar mundir er ég að búa til formmyndanir þar sem raunveruleikinn er innofinn. Þetta kemur bjá mér eins og eldgos. Þessir blutir birtast mér! Þetta er kraftbirting! Það mætti líkja þessum myndum við fóstur. Við erum í þvílíku bugtakatómi að við verðum að fylgja bverjum blut til upphafs síns, til alþyrsta votts um sjálfstæða tilveru. Tréð er þá trjáfóstur.

Felix:

Áður en einstaklingstilveran og formin koma fram?

Matta:

Já. Á sama hátt og lögð eru drög að þeim í eggjarýminu frá og með æxluninni. Við nálgumst blutina á skáldlegan hátt með því að spryja okkur hvort við getum ekki fundið

upp list sem tengist fyrsta lífsmarkinu. Þetta getur ekki annað en skerpt skynjun okkar á blutunum, auðgað orðasorða okkar og gert okkur kleift að mynda annars konar líkingar. En þú mátt ekki balda að bér sé um að ræða neins konar stefnuskrá af minni bálfu. Mér birtist þetta. Ég bef ekki bara ábuga á að mála þetta, það er fyrirbærið sjálft sem ég bef mestan ábuga á.

Felix:

Þá er komið að annarri spurningu minni. Myndir þínar eru í stuttu máli ekki eftirlíkingar-list, þeim er ekki ætlað að sýna þér eða öðrum ákveðna hluti; þetta er heldur ekki list sem einbeitir sér að vangaveltum um hugtök, heldur er þetta tilraunastarfsemi sem leiðir í ljós viðmið sem annars kæmu ekki fram.

Matta:

En það kemur samt fram vilji til sviðssetningar, einhver of safengin löngun til að finna möguleika á að sýna vitundina, finna „vitundarlag“ eins og landslag sem kæmi í staðinn fyrir þær birtingarmyndir sem við notum til þess að lýsa vitundinni, fanga þess rýmis sem Evklíð gerði grein fyrir.

Felix:

Þessi svarti myndgrunnur leiðir hugann að hinu lokaða rými í tilraun Wilsons þar sem öreindir rekast á. Það er eins og þú sért að reyna að hengja upp ákveðna fígúru vitundarinnar til þess að rannsaka ferilbrautir öreindanna.

Matta:

Bannig vinnur sá sem er að rannsaka líf öreindanna. En hann er yfirleitt eingöngu að fást við að mæla, ekki að bera kennsl á hver er hvað. Ef hann væri í hamslausri leit að list, væri að leita þess hvernig á að ná tökum á lífinu sjálfu, þá yrði hann á vissan hátt smitberi. Það er ekki hægt að bugsa sér þann eldmóð sem gjarnan er kölluð „segurð“ ef maður er ekki sjálfur smíðaður, dreginn áfram af lífinu. Það sama á við um tónlist. En í báðum tilfellum er algengast að menn setji allt undir sama batt og festi á hann merkimiðann „segurð“. Þó gildir reyndar

annað um tónlistina af því að bún fer á líkamlegri bátt gegnum okkur. Frammi fyrir list sem reynir að ná tökum á blutunum verðum við sjálf að búa til tónlistina innra með okkur. Það fer eftir ástandi vitundar hvers og eins hvort úr því verða sinfóníur eða lítil flautusóló. Þessi starfsemi miðar að því að koma gangverki vitundarinnar af stað með því að beita sjóninni.

Felix:

Mér finnst fremur hægt að líkja þessu við kristal en svíðssetningu; lifandi skipulag sem getur leyst úr læðingi lífrænt ferli fyrir þann sem málar og þann sem skoðar, kallað fram skapandi eigindir sem hvetja til vitundar.

Matta:

Ögrun, áreiti sem virkjar greind og ímyndunarafl sem beita má í daglegu lífi af fimi, tilfinningu og frumleika. Greind og virkt ímyndunarafl sem taka eftir tilviljana-kenndum raunveruleikanum.

Felix:

En þetta tré úr bronsi, hvað er hægt að segja um það?

Matta:

Það verður sýnt í næsta mánuði. Ég kalla það ERAMEN (alltaf stafurinn e!). Við ættum að taka fyrsta skrefið í áttina að því sem vex innra með okkur með því að styðjast við lífið, þá tilveru sem vitundin skapar. Ef við líkjum því sem vex innra með okkur við tré mundum við átta okkur á því að þetta er ekki bókfærslublað þar sem þekkingin er færð inn og út, eitthvað sem við innbyrðum án þess að bera fram spurningar.

Þessi þekking er þarna eins og næring fyrir allt það sem vex innra með okkur áður en við bverfum án þess að bafa fengið tíma til þess að vera fullkomlega mennsk. Stundum finnst mér eins og málarar byrji að vinna eins og

menn taka vígslu, byrji bara og spyrji sig ekki neinna spurninga.

Felix:

Marcel Duchamp hefur skrifað eina setningu um þig. Þetta var árið 1940: „Matta er ennþá ungur en hann er djúpskyggnasti málari sinnar kynslóðar.“ Hvað finnst þér um þetta?

Matta:

Þetta kemur kannski til af því að ég fékk ábuga á lykilverki bans, Leið mærinnar til brúðarinnar. Ég hafði þá ekki gert mér grein fyrir því að eggjarýmið mitt var þegar mótað. Á þessum tíma hafði ég ekki þróað neitt þá bugmynd. Það tók mig fimmtíu ár að sjá blutina öðruvísí. Í þessu verki er Duchamp ekki sérstaklega að fást við það viðfangsefni. Þetta er verk sem mætti til dæmis tengja við fútúrismann. En samt er vitundin vöknud um nauðsyn þess að umþylta bugtakinu list til þess að listin sjálf verði nokkurs konar Pandóruskrín.

Felix:

Þið Marcel Duchamp og myndbreytingaskeið ykkar, — ég tel þetta vera þróunarferli, ferli sem á sér hvorki upphaf, endi né kennileiti. Það sem er að verki í myndverkum þínum kemur líka við sögu í því sem hendir þig, í lífi þínu, tilfinningum og hugsanlega líka lífi og tilfinningum þeirra sem horfa á myndirnar. Þetta er ferli sem tengist X mörgum þáttum, og er eins og abstrakt gangverk sem fer af stað.

Matta:

Já, og ætti að vera bliðstæð ritun tónlistar. Nema að það sem um er að ræða eru ekki tónar heldur vitundin. Þetta færir vitundinni seríu af bljóðsérum.

Felix:

Þetta er fjöhljóma huglægni, ef svo mætti segja?

Matta:

Já og einnig kosmísk.

Felix:

Sem sagt: Ekki bara mannleg tengsl og geðhrif heldur alls

kyns spennutengsl.

Matta:

Á tímabili kölluðum við þetta „stökkbreytingu eiginleikanna“. Við færumst af einu vitundarsviði á annað.

Felix:

Hefur þér stundum fundist þú vera aleinn í vinnuaðferðum þínum og lífi?

Matta:

Alltaf. En það er örlagablutskipti mitt — í grískri merkingu orðanna. Ég fæddist í baskneskum minniblatabópi í Chile, á hjara veraldar. Þar vita menn ekki alveg í bvað þeir eiga að grípa til þess að vakna til vitundar. Samfélagið var ekki til nema innan þessar basknesku aðalsstéttar sem lifði í einangrun.

Felix:

Eru þeir ekki svolítið klikkaðir þessir Baskar?

Matta:

Ég bugsa að þeir séu svo einangraðir, aðskildir frá öðrum af því að þeir vilja lífa í einangrun, að heimurinn geti einmitt kallað þá „klikkaða“. Í samfélagi þeirra gilda strangar reglur feðraveldis. Af annars manns, bvað þá þinn eigin, getur skipt sér af lífi þínu. Og allt lýtur þessum aga, virðingu og valdi eins og fyrir þúsund árum.

Ég get tæplega sagt að ég þekki Chile vegna þess að ég bef sjaldan komið út fyrir þetta gettó.

Felix:

Baskneska gettóið í Chile?

Matta:

Já. Það erum við sem köllum það þessu nafni. Þessum mönnum tókst að byggja upp samfélag þar sem þeir voru forréttindastéttin. Þeir keyptu mikið land af því að þeir

unnu meira en aðrir og voru ekki eins miklir ævintýramenn. Þeir mynduðu þarna nýlendu einungis með þeirri ákvörðun að setjast þarna að, eins og Grikkir gerðu annars staðar. Ég held að megi segja að svona hafi þetta gengið lengi vel í Argentínu og Chile.

Sem sagt: Í þessari fjarlægu nýlendu vissi ég ekkert hvernig ég ætti að rækta „vitundina um að vera meðvitaður“ og sömuleiðs trúlega ákveðna löngun til að verða listamaður. Ég byrjaði þess vegna að beita ýmsum abstrakt fyrirbærum sem fundu sér fyrst farveg í trú og guðraekni. Svo fór ég í arkítektanám og lærði þar að skipa blutum niður og setja ekki allt í sömu skúffuna; lærði bagnýt vinnubrögð.

Felix:

Hvar lærðir þú arkítektr?

Matta:

Ég byrjaði í Chile og lauk námi bér í Frakklandi.

Felix:

Þú talaðir um þetta Baskasamfélag sem hafði slitið tengslin við þjóðfélagið, en þú raufst svo sjálfur tengslin við þetta samfélag. Það var nokkurs konar tenglarof við tenglarof.

Matta:

Algjör tenglarof! Og svo hélt ég því áfram, rauftengslin við súrealistana og reyndar líka við sjálfan mig! Ég bef stöðugt verið að rjúfa tengsl. Þess vegna er það sem ég segi að það er ekki ég sem bef gert þessar myndir.

Felix:

Geturðu skýrt það út á hvaða hátt þessar stóru myndir með svarta grunninn sem þú ert að vinna að núna eru tenglarof?

Matta:

þær eru kraftbirting. Og svo er þar að verki bugmyndin um eggjarými. Ef þú byrjar á því að bugsa þér vitundina í þessu eggjarými myndast djúp þögn og allt í einu fer í gang einbver hvöt og svo kollvarpast allt saman; það verður kraftbirting og fæðing. Fæðingar verða með

sveiflukenndum hætti. Það á líka við um vitundina, því búin fædir líka. Hér komum við að tímanum fyrir fædingu, eggstiginu. Nánar til tekið formgerð og kringumstæðum eggs sem bíður eftir að frjóvgast og síðar að fæða af sér. Ég styðst við þetta rými vegna þess að það er mjög frábrugðið rými samkvæmt kenningum Evklíðs, sem befur orðið grunnur skilnings manna á því bvað greind er. Á pennan hátt er hér um rof að ræða, kraftbirtingu . . . þetta minnir á blettinn sem Leonardo da Vinci talaði um. Ég túlka þennan blett. Leonardo sagði að það ætti ekki að ganga út frá hvítu blaði heldur rakabletti á vegg. Lína sem dregin er á blað, búin er nokkuð sem er „þegar vitað“. Sé á binn bóginn gengið út frá blettinum fer maður brátt að sjá ofsjónir, ljón, dýfur eða eittbvað úr draumabheimi sem kemur fram og afþjúpar innra líf sem maður var ekki meðvitaður um. Og alltaf vel ég form sem ég þekki ekki.

Felix:

Margföldun, ferli og svo framvegis . . . , alltaf sömu atriðin.

Matta:

Hér er um að ræða breytingu á ofskynjanavirkninni, ég fór að sjá aðra bluti í blettinum. Þetta gerðist fjórum-sínum sinnum meðan á verkinu stóð . . .

Felix:

Geturðu gert nánari grein fyrir þeim?

Matta:

Í fyrsta skipti var það þegar fram komu logar, eins og eldur brynni á svarta grunnfletinum. Einhvers konar formmyndun loga.

Felix:

Hvenær var þetta?

Matta:

Það var árið 1938. Síðan komu fram einhvers konar tré, gleymt landslag sem ég kallaði Jörðin er maður. Það var árið 1942. Og svo gerðist það um 1944–45 að fram komu

nokkurs konar persónur eða tótemstólpars sem ég kallaði Meðverur, sundurtættar fíggúrur. Þetta var í lok stríðsins. Þessar verur minntu á tréskurðarmyndir fornmannanna í bellunum við Lascaux og Altamira, sem voru að gera ýmislegt sem við þekkjum ekki. Þetta leiddi bugann líka að frumstæðri list á Nýju-Gíneu og Nýja-Írlandi. Ég fór að tengast frumstæðri list æ meir í verkum mínum.

Felix:

Var um að ræða nokkurs konar samruna?

Matta:

Já, en bver og einn hélt samt sínum séreinkennum. Leikstjórin sem gerði Stjörnustríð, George Lucas, kvikmyndaði atriði þar sem fólk af mjög ólikum toga bittist á bar. Hann sagði Chris Marker að hann hafi byggt þetta atriði á mynd sem hann sá eftir mig í Bandaríkjunum. Svo fóru blutirnir að lokast smám saman aftur og á endanum varð allt svart, kringum 1950 eða þar um bil. Ég var kominn meira út í skreytilist. Þessar verur urðu æ líkari mannverum. Svo fóru blutirnir aftur að þróast og breytast í einhvers konar svartleitan gróður. Á þeim tíma fór ég að vinna að verkum sem ég kallaði Rými tegundarinnar og reyndi að finna viðmiðanir sem væru sambærilegar við and-evklíðska rúmfraði.

Felix:

Eru þesar myndir ekki í New York?

Matta:

Nokkrar jú, en flestar eru í París. Þetta tímabil stóð frá 1958 til 1963. Þá hófst ég banda við að mála risavaxnar myndir þar sem saman var kominn alls kyns myndforði. Loks kom fram nýlega aftur þetta ofskynjanaminni í myndunum.

Felix:

Var það 1986?

Matta:

Já, 1985–86. Það verður reyndar að snúa bugmyndinni

við. Það er ofskynjunarlesturinn sem breyttist. Blettirnir eru áfram blettir. Það er viðfangsefnið sem breytist eins og bjá börnum sem sjá ljón eða strætisvagna í teikningum. Þegar þau verða stærri sjá þau trúlega blóm í þeim, og svo framvegis. Þessi ofskynjanabugsun finnst mér mjög ábugaverð. Ég skrifaði smátexta fyrir bók Max Ernsts um þetta efni á árunum 1940–44, bók um bans eigin myndverk. Ég kallaði þetta ekki „hallucination“ á ensku — ofskynjanir, heldur „bellucination“ — hell er víti, árstíð í víti. Með því einu að breyta a í e tengirðu þetta martraðarfyrirbæri við víti.

Matta:

Oft missir maður af fólk. Núna til dæmis gæti ég átt mjög vingott við André Breton. Það væri erfðara með Le Corbusier. Ég átti mjög góðar stundir með Picasso, við hlögum mikið; hann var mjög þægilegur. Hann var einbvern veginn mjög málaralegur og það sem vakti ábuga minn í fari bans var þessi Rabelais-blið á bonum, dálítið klikkuð.

Felix:

Picasso er málari formanna!

Matta:

Já. Hjá bonum er grunnurinn mannlíkaminn nakinn. Hann fann upp ýmislegt í tengslum við augu, nef, rass . . .

Felix:

Hjá þér eru formin hins vegar alls ekki augljós!

Matta:

Þetta eru annars konar form, ekki bara þekkt form!

Felix:

Picasso byggði upp form sem hafa þegar kristallast en þú ert fremur að leita formum sem eru sjálf að leita að formi. Formmyndun.

Matta:

Picasso setur þetta bins vegar allt upp inni í ferhyrndum ramma.

Felix:

Þú hefur gert þrívíð verk, mikið af skúptúrum . . .

Matta:

Þetta eru myndbyggingar. Samkvæmt hefðinni eru þessir blettir uppbyggðir. Maður væri algjörlega glataður ef ekki kæmi til þessi bygging sem leiðir mann út úr algjörri ringulreið. Þetta gefur myndinni næstum því bljómrænan takt. Margir borfa á þessa mynd án þess að skilja hvað þetta er en bafa það samt á tilfinningunni að hún sé nátengd raunveruleikanum.

Felix:

Það er líka í henni fölsk mynddýpt!

Matta:

Já. Það er einfeldningslegt en óþjákvæmilegt: til þess að miðla bugmynd um tímann verður maður að setja upp viðmið sem tengast „lengra burtu“ og „nær“, þótt þetta sé ekki annað en ófullkomleiki tungumálsins. Er þægt að segja að nýfætt barn sé „langt í burtu“ og ég sé „nærri“? Já, það er þægt að segja það.

Felix:

Ég ætlaði einmitt að spyrja þig um þetta efni. Þegar form eru vel uppbyggð, jafnvel þótt menn leiki sér með þau og skipi þeim til dæmis í kúbískt fjarviddarsamhengi, þá eru formin áfram tengd fyrra samhengi, rými og tíma sem eru þarna til þess að taka við þeim. Á hinn bóginn virðist mér að í þínnum verkum búi hvert einasta form yfir eigin tíma. Út frá þessu finnst mér vera hægt að tala um ferli. Ég biðst afsökunar á því að nota svolítið hátimbrað orðfæri en hér

er um að ræða skyndilega og harkalega eldingartvístrun forma í smáeininger þar sem formin reyna að sýna hvað í þeim býr á leið sinni í fyrra horf. Þetta minnir mig á kvikmynd Jeans Vigos, *Núll í begðun*, þar sem skotið er inn örstuttu myndskeiði af leikstjóranum að gretta sig, og síðan heldur atriðið áfram eins og ekkert hafi í skorist.

Matta:

bessi bugmynd gæti komið sér vel í vangaveltum okkar um það bvernig á að sýna vitundina og starf bennar; vitundin verður einmitt fyrir skyndiáreitti af þessum toga. Ný þekking ræðst til dæmis inn á vettvang bennar og búna kemst í uppnám, en svo meltir búna og verður aftur róleg og tilbúin að verða fyrir áreiti frá enn nýrri þekkingu.

Felix:

Þannig starfar vitundin til dæmis í draumi, hjá börnum, í tali frumstæðra þjóða, undir áhrifum eiturlýfja, í ljóðlistinni og við geðbilun . . . Þetta er afar flókið samspil greindar og viðkvæmni þar sem allt getur hrunið og glatast á sekúndubroti.

Matta:

Ef við gætum náð tökum á þessu öllu þá væri bægt að skilja þessa atburði, þess báttar reynslu. Það fer eftir bæfni vitundar hvers og eins bvernig hann nærast á þekkingunni og vinsar úr henni sannleikann um það sem kemur fyrir. Það væri bægt að raða saman mikilvægum blutum um virkni vitundarinnar. Ef maður einbeitti sér að því að kafa djúpt ofan í þessa bluti, ef mikill fjöldi manna einbeitti sér að þessum blutum, þá mundi ugglauð koma mjög mikil út úr þessu; þetta yrði nokkurs konar endurfæðing, renaissance.

Viðtalið skrifaði Felix Guattari í aprílmánuði 1987.

Kom fyrst í tímaritinu Chimère.

Innra raunsæi

Leonardo da Vinci sagði: „La pittura é cosa mentale.“ Tunglið var lengi vel tákna um þetta „cosa mentale“ og nú á dögum er það tákna um „cosa tecnologica“. Áhugi Leonardos á þessum „huglægu hlutum“ beindist jafnframt að tæknilegum atriðum. Menn hafa verið svo uppteknir af þessari áherslu hans á tæknina að hinn huglægi hlutur hefur fallið í skuggann og gert Leonardo að einhvers konar tæknidraug.

Það er því nauðsynlegt að endurmeta verk Leonardos da Vinci út frá þessum huglæga hlut.

Það er að segja hvernig menn *skapa til þess að sjá*.

Hvar gerist hinn huglægi atburður?

Hvernig er unnt að ná tökum á þessum huglæga atburði til þess að gera grein fyrir uppsprettu raunveruleikans og flutningi hans yfir í tungumálið?

Ég hef fyrir löngu gert mér grein fyrir tilvist innri raunveru sem gæti verið innra eðli eða náttúra. Ytri raunvera speglast í henni og gerir huganum kleift að gera sér mynd, hugmynd, og í framhaldi af því er það hugsun tungumálsins sem formgerir hana og býr til tengsl sem eru grunnur tjáskipta. Það fer eftir hæfni lesandans hvaða raunveruskyn hann fær út úr þessu.

Öldum saman, alveg frá upphafi vega, hafa menn litið svo á að þetta samsafn hugmynda sem mótar tilfinningu okkar fyrir raunveruleikanum sé föst stærð, algild og óbreytanleg. Þessi hugsunarháttur virkar eins og hemill; allt stöðvast.

Frelnsun hugarfarsins, umbylting í þeim aðferðum sem við beitum við að nálgast veroldina, er óhjákvæmileg ef við ætlum að ná einhverjum árangri í sambandi við mannleg samskipti.

Ég held að það sé mögulegt að virkja áhuga almennings og

setja upp áætlun um að frelsa hugarfarið. Þá er ég ekki að tala um flóttu inn í einhvern ævintýraheim heldur stofnun andspyrnuhreyfingar hugans sem mundi reyna af öllu afli að gera sér nýjar hugmyndir um eðli náttúrunnar, en við höfum kynnst henni með dýpri aðferðum en þeim sem beitt er með berum augum. Ég nota því hugtakið „innra raunsæi“ vegna þess að forskeytin „ofur“ og „yfir“ hafa oft verið misnotuð: *ofur-menni, yfir-náttúrulegur*.

Hluti raunveruleikans sést alls ekki með berum augum og fer þess vegna fram hjá því sem kallað er auga, það sem sér, það sem sendir umsvifalaus boð til skynjunarinnar.

Innra raunsæi snertir ýmsa óræða hluti sem hafa bein áhrif á skynjunina, gegnum hugmynd sem er síðan breytt í tungumál.

Reynið því að svara á skapandi hátt; með því að virkja kraft vakningar í lífi ykkar og breytni.

Vakning í nýrri merkingu; að skynja og nema augnablikið sem nýja heild (*ofur-vakning, innri vakning*). En þetta augnablik, sérhvert augnablik, er frelnsun augnabliksins, „feikngerving“ þess. Það er einmitt á því augnabliki sem hugmyndin um ofur-raunsæi verður til og þessi hugmynd afhjúpar að meira og minna leyti allar þær kringumstæður sem koma við sögu á þessu eina augnabliki.

Þessi hugmynd verður að afhjúpa kringumstæður, alls staðar þar sem raunveruleikinn og hugsunin mætast; ná tökum á heiminum.

Og lesa hið ósýnilega

Hvernig getur upprunalegt, raunsætt og meðvitað hugtak náð yfir háspekina?

Háspekileg menning fælist í að vekja upp allt sem ekki hefur enn fengið nafn og hugsa sér rými sem ekki lyti lögmálum Evklíðs, þar sem saman yxi jarðnesk meðvitund okkar og alhiminsins.

Er þetta löngun manns sem horfir á nakinn næturhimininn sem er þögull á daginn?

Jafnvel náttúran er þögul í huga þess sem ekki kann að sjá hið ósýnilega. Tungumál efnisins er formfræðilegt tunguhalt þeirrar tungu sem talar með munnum.

Ég vil koss frá þeim munni á minn eigin munn.

Tungumál útilegðar, tungumál þess landræka, er hin háspekilega tunga.

Ögrun að tala með augunum og lesa hið ósýnilega.

Myndkjörband — hljómandi mynd

Pað var í Rannsóknarmiðstöð sólarorkunnar í London árið 1978 sem Matta sá í fyrsta skipti „paint-box“ sem fékk bann til að bugsa.

Árið 1985 fann hann upp grafískt litaspjald og reyndi að láta það virka formyndunarfræðilega.

Á þeim fimmtán klukkutínum sem hann vann við það gerði hann syrpu af myndböndum sem sýnd voru á Tvíæringsnum í Feneyjum 1989.

Í Belfort sýnir hann þetta „verk í vinnslu“ sem kalla mætti MYNDKJÖRBAND, HLIJÓMANDI MYND (Tillaga að aðferð til þess að uppgötva hvernig mannshugurinn starfar) . . . og biðst forláts.

Upp upp sálar ykkar, þjóðfélagsþegnar . . .

Flug eldfjallsins (hjartahraun) 4 mín. 40 sek.

Laufblöðin 1 mín. 10 sek.

F.N. 5 mín. 30 sek.

Hjólið 1 mín.

Sjálfssdýnamór 2 mín. 20 sek.

Leikhúsið 1 mín. 10 sek.

Líkamsljós 3 mín.

Hjartað 3 mín.

Skáldið 0 mín. 40 sek.

Dagurinn er banatilræði

Hvaða sameign eiga allir á einum og sama deginum fyrir utan sólinu og stjörnurnar? Eins og Ódysseifur vaknar maður, borðar, gengur, heldur áfram; þetta eru nokkurs konar veiðar.

Á leiðinni hittir maður aðra, bregst fimlega við aðstæðum eða lendir í fórnarlamsstellingum; það er hægt að gera sér grein fyrir áfallahættunni að meira eða minna leyti.

Enn loka draumurinn og nöttin hringnum.

Um leið og maður fer út er maður í hættu; dagurinn er banatilræði. Lífið eða eggioð?

Eigi að mæla rýmið þarf að finna staðalmetra. Eigi að mæla tímann er dagurinn eina mælieiningin; ekki tuttugu og fjögurra tíma sólarhringurinn heldur dagurinn sem banatilræði, ógnun, hættu.

Heimurinn gefur þér kosti og leggur þig í hættu. Vitundin vaknar með áfallahættunni. Hver einstaklingur, allt mannlegt líf skorar sig sjálf á hólm, skorar heiminn á hólm.

Ég fæddist til þess að taka bremsurnar af himninum.

Úti í náttúrunni
nærir döggin allt
við dagrenningu
Leyfðu vitund þinni
að verða eins

Við verðum að reyna að ná því sem er bak við yfirborðið. Lífið er ekki allt í mannsmynd, það er líka stórfurðulegar athafnir, líkingar, eldingar af orku, ástúð og losta.

Samfélagið er náttúrufyrirbæri á sama hátt og botngróður í skógi, landakort þess.

Glundroðageimur

Og ef ég kallaði hann ást	Fara upp á svið
Skrifaði öskur hans	Verða tónlist hans
Ódysshaf	Breytast í breytingum vorrar breytilegrar persónu
Myndunarfræðin Fljótt	Tengjast samhengi hugmyndanna
Allir þessir hraðar	Vera í frjálsri hugsun
Á þessum eyjum á þessum stöðuvötnum	Augn-vera
Ég kynntist hamingjusönum styrjöldum	<i>Lojoser</i>
Blómum	Skeldýrið mitt
Þú sem eitt sinn sigraðir traustan huga minn	Vaknaðu í djúpi sögu þinnar
Ég myndbreyti þér	Lifðu ekki eftir máli
Hugboð	Klaðskeri eymdar
Þessi ramma lykt af fjöldanum	Og sjónarmiða
Hinn hlutur hlutanna	Sem liggja í bleyti
Auga minnisins	Par er lítið af sól
Gamlí glundroðageimur	Hinir hugljómuðu hvaðan kemur innra ljósið
Hugmyndir tígrisrífa hver aðra á hol	Augn-hvar
Eins og mágurinn þessi bestía	Mannmóðirin með hryggð í hjarta
Meðan blóðið hljómar	Hönd míð leitar að sál þinni
Samtenging skógar og rottu	Líkt og í draum-Evu
Og sjávarmóðurástar	Snemma morguns á hinum mikla degi
Ég mundi segja að það sé vindurinn	
Samtenging við endalokin	
Mannmóðir	
Faðir ekki deigan síga	
Hinir ósýni-sigrandi þínir horfa á	
Gerðu við hvítu perluna þína	
Horfðu í augu hennar	
Hönd þín í hennar	
Hún var dögg	
Gömul lifvera í nýju hafi	
Á barmi holu sem þeir ætla að fylla	
Lærðu að sjá Hina gegnsæju	
Lærið að hlusta á sagnir og atviksorð	
Kremdu lófatak Landkönnuðarins	
Hann gerir hugann geislavirkjan banvænan	
Vera á leiksýningu	
Í höfði annars	

19. desember 1973

Vitnisberar mannkynsins

Öll þessi vitni um aðrar minningar bera merki um iðnteikningaform og minna okkur á uppruna listarinnar, upprunalegar myndir, ekki frumlegar.

Minnið er þroskaður ávöxtur, eins og fortíð okkar, nútíð og framtíð.

Lestu það enn fyrir sjálfan þig, ennþá.

Keramik, breyting jarðvegs í Stein, breyting jarðar í brons, er saga um líkamlega glímu.

Til þess að himinninn geti verið viss um jörðina kom elding eins og teningum væri kastað, umturnaði beinahrúgunum og gaf trylli tri leðju mannlegt yfirbragð og blóðið spratt upp.

Ég sé manngervingu sem endaði í krossi með fyrirlitningarsvip á andlitinu; mannsmyndin opnast og klappar til vinstri og hægri fyrir löngun sem er falin í líkamanum, *böllinni*, gjöf himinsins. Grimmur skaltu finna upp formræði sem nær umhverfis jörðina eins og úthöfin, form sem segja sögu mannsins eins og ókyrrð í hjarðsálinni.

Alltaf er tegundin reiðubúin að léttu akkerum og ferðast óravegu þangað sem stjörnur ríkja og náttúruhamfarir, en samt er hún umkringd gegnsæjum vitnum. Eins og hljóðfæri draga þau sögu liðinna stórátaka saman í bíramíða.

Þannig segir hvert vitni frá *erreros* tegundarinnar sem það hefur sjálf kynnst.

Mynd af hverjum einstaklingi sem er liður í einstökum erfðafræðilegum spíral

Páð er augljóst að ég er að leita að lífs- og heimskorti, ekki sem listmálarí, heldur á sama hátt og „Locus Solus“ eftir Raymond Roussel.

Hvernig er hægt að sjá fyrir sér hið raunverulega líf, hvar náum við sambandi við okkar eigið sjálf?

Hver er þessi Ég?

Allt er í samræmi við vinnu mína undanfarið.

Hugtak formmyndunarfræði, vitundar okkar um sögnina að lifa.

Hvar erum við innan um allar þessar tegundir og menningareiningar sem stækka okkur?

Vöxtur vitundar okkar er brennidepill ljóðlistarinnar.

Menn halda að ég sé fæddur

Ég sé að ég fæddist í heimi sæðis og eggja
sem breytast eins og ég sjálfur
í grænku, jurtir og fugla, með sveppi
blóm og fiðrildi allt um kring.

Í ávöxtum og fiðurfé er allt stöðugt að breytast
jafnt og í mér
og heimurinn matreiðir þetta allt og hakkar það í sig.
Þessi hakkandi heimur umlykur okkur
umbúðum sínum,
hvert og eitt okkar nýtur bestu geymsluskilyrða.

Og hér andæfir vitund mín og gerir uppreisn
í leit sinni að lífi, ósýnilegum kröftum
sem knýr áfram eggioð og sæðið sem ég finn fyrir
núna í sjálfum mér eins og manni til þess að
alheimssöngur OGSINS í hverjum hlut megi hljóma.

Hver og einn bætir dagsetningum við sjálfsævisöguna; andlitum, sársauka,
gleði sem hanga í greinum
þessa heimstrés sem stöðugt vex og breytist,
en eins og öll tré mun það enda á gleðibáli
og ég teikna orð með ösku þess
til þess að nefna þá óþekktu krafta sem búa í okkur.

12. mars 1994

o. s. frv. . . o. s. frv. . .

Menningarmálanefnd Reykjavíkur/*The Cultural Committee of the City of Reykjavík:*

Guðrún Jónsdóttir, formaður/*chair*

Guðrún Ágústsdóttir

Helgi Pétursson

Inga Jóna Þórðardóttir

Jóna Gróa Sigurðardóttir

Tryggvi Baldvinsson

Þór Vigfússon

Forstöðumaður Kjarvalsstaða/*Director of Kjarvalsstaðir — The Reykjavík Municipal Art Museum:*

Gunnar B. Kvaran

Þýðandi sýningarskrár/*Translator:*

Sigurður Pálsson

Yfirlestur handrita/*Proofreading and editing:*

Mörður Árnason

Hönnun sýningarskrár/*Catalogue design:*

Þorbjörg Br. Gunnarsdóttir

Umsjón með gerð sýningarskrár/*Catalogue production:*

Anna Friðbertsdóttir

Þorbjörg Br. Gunnarsdóttir

Skeyting og filmuvinnsla/*Colour separation and montage:*

Grafík hf.

Prentun og bókband/*Printing and bookbinding:*

Grafík hf.

ISBN 9979-874-72-4

|||| KJARVALSSTÁÐIR Listasafn Reykjavíkur — MATTA — september-október 1996